

Þriðjudaginn 21. júlí 1998.

Nr. 295/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Halldóri Baldvinssyni

(Tómas Jónsson hrl.)

Kærumál. Ökuréttur. Bráðabirgðasvipting felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. júlí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum næsta dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1998, þar sem staðfest var bráðabirgðasvipting ökuréttar varnaraðila frá 7. júlí sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms og framangreind ákvörðun sóknaraðila verði felld úr gildi og sér dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

I.

Atvikum málsins er lýst í úrskurði héraðsdóms. Eins og þar kemur fram, var varnaraðili sviptur ökurétti til bráðabirgða í einn mánuð 7. júlí 1998 fyrir að hafa sama dag ekið bifreiðinni HB 2, sem er af Porsche-gerð, á 95 km hraða á Hringbraut, þar sem leyfður hámarkshraði er 50 km á klukkustund.

Fyrir Hæstarétti reisir varnaraðili kröfu sína í fyrsta lagi á því, að ágreiningur sé um það, hvar á götunni bifreið hans hafi nákvæmlega verið, er hraði hennar var mældur. Bifreið lögreglunnar hafi verið við gatnamót Hringbrautar og Bjarkargötu, en þaðan hafi lögreglumenn haft útsýn 250–300 metra austur eftir Hringbraut að þeim stað, er beygja sé á götunni við Hljómskálagarðinn. Leyfður hámarkshraði á meiri hluta þessa vegarkafila sé 60 km á klukkustund, en lækki síðan í 50 km. Umferðarmerki, sem sýni það, sé skammt frá Bjarkargötu. Kveðst varnaraðili hafa séð lögreglubifreiðina, er hann kom úr áðurnefndri beygju á leið sinni vestur Hringbraut, en

hún hafi staðið á áberandi stað við Bjarkargötu. Hafi hann þá þegar minnkað hraða bifreiðar sinnar. Telur hann líklegt, að lögreglumennirnir hafi mælt hraðann, þegar er bifreiðin birtist þeim, en ekki beðið eftir, að hún kæmi upp að þeim og þá á minni hraða. Heldur varnaraðili því fram, að ratsjarmælingin hafi verið gerð á þeim hluta vegarkaflans, þar sem hámarkshraði sé 60 km á klukkustund, en engar forsendur séu til að svipta sig ökuleyfi við þær aðstæður. Vafa að þessu leyti beri að virða sér í hag.

Í annan stað reisir varnaraðili kröfu sína á því, að reglugerð nr. 280/1998 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim hafi ekki lagastóð að því leyti, sem hún mæli fyrir um sviptingu ökuréttar, þegar ökuhraði fer ekki 50 km yfir leyfðan hámarkshraða miðað við klukkustund. Telur varnaraðili, að mat héraðsdómara sé ekki í samræmi við dómvenju og feli í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þá telur hann, að löggjafanum geti ekki verið heimilt að framselja vald sitt framkvæmdarvaldinu með jafnvíðtækum hætti og gert sé ráð fyrir í reglugerð nr. 280/1998.

II.

Í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti er ekki vikið að þeirri mót báru varnaraðila, sem lýtur að því, hvar á Hringbraut bifreið hans hafi nákvæmlega verið, er mælingin var gerð. Lögreglumenn hafa ekki komið fyrir dóm til að skýra þetta atriði nánar. Þýðingu getur haft fyrir úrslit málsins, hvorum megin umferðarmerkisins, sem sýnir 50 km hámarkshraða, bifreið varnaraðila var á því augnabliki, er mælt var, en á verulegum hluta þess vegarkafla, sem áður getur, er leyfður 60 km hámarkshraði á klukkustund. Vafi að þessu leyti verður virtur varnaraðila í hag. Þá liggur ekki fyllilega ljóst fyrir, hversu langt inni á Bjarkargötu lögreglubifreiðin stóð. Verður við svo búið ekki fallist á, að sóknaraðili hafi sýnt fram á, að skilyrði hafi verið til að svipta varnaraðila ökurétti til bráðabirgða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga, sbr. 101. gr. sömu laga. Verður hinn kærði úrskurður, þar sem staðfest var ákvörðun sóknaraðila um að svipta varnaraðila ökurétti til bráðabirgða, því felldur úr gildi og sóknaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem verður ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði segir.

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Sóknaraðili, lögreglustjórinn í Reykjavík, greiði varnaraðila, Halldóri Baldvinsyni, samtals 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1998.

Ár 1998, miðvikudag 15. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arngrími Ísberg héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Halldór Baldvinsson, kt. 260865-3589, Gullsmára 8, Kópavogi, hefur krafist þess, að felld verði úr gildi bráðabirgðaökuréttarsvipting lögreglustjórans í Reykjavík frá 7. júlí sl., en þann dag var hann sviptur ökurétti til bráðabirgða í einn mánuð vegna ætlaðs brots á 37. gr. umferðarlaga. Þá hefur lögmaður hans krafist málsvarnarlauna.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að sviptingin verði staðfest.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, að 7. júlí sl. ók kærði bifreiðinni HB 2 vestur Hringbraut, og var ökuhraði hans mældur 95 km/klst. úr kyrrstæðri lögreglubifreið. Hámarkshraði á götunni er 50 km/klst. samkvæmt skýrslum lögreglunnar. Bráðabirgðaökuréttarsviptingin er byggð á þessari mælingu, og var hún ákveðin í einn mánuð frá 7. júlí sl. að telja.

Kærði bar fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni HB 2 vestur Hringbraut að Bjarkargötu 7. júlí sl. Hann kvaðst hafa numið staðar við Melatorg, en þangað hefði lögreglan elt sig. Kærði kvað bifreiðina vera með málumæli, og hefði hraðinn verið 50–52 mílur, þ. e. u. þ. b. 80–83 km/klst. Kærði mót-mælti hraðamælingu lögreglu sem rangri og kvaðst hafa haft orð á því, að lögreglan hefði mælt annan bíl. Þetta hefði lögreglan talið óhugsandi og bent sér á, að enginn annar bíll hefði verið á götunni, en það stangist á við það, sem segi í skýrslum lögreglu.

Þá heldur kærði því fram, að hann hafi verið mældur á vegarkafla, þar sem leyfilegur hámarkshraði sé 60 km/klst.

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða telja verði með hliðsjón af eðli málsins eða annars framferðis hans sem ökumanns vélknúins ökutækis varhugavert, að hann stjórni vélknúnu ökutæki.

Samkvæmt 103. gr. sömu laga skal lögreglustjóri svipta ökumann ökurétti til bráðabirgða, telji hann vera um að ræða skilyrði sviptingar ökuréttar.

Eins og að framan var rakið, mældi lögreglan hraða kærða 95 km/klst. á götu, þar sem leyfilegur hámarkshraði er 50 km/klst. samkvæmt lögregluskýrslum.

Samkvæmt 101. gr. umferðarlaga verður að telja það mjög vítaverðan akstur, ef hann sannast, að aka á nær tvöföldum leyfilegum hámarkshraða. Lögreglustjóra bar því samkvæmt 103. gr. umferðarlaga að svipta kærða ökurétti til bráðabirgða á grundvelli hraðamælingar lögreglu, sbr. og ákvæði 37. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði í viðauka I við reglugerð nr. 280/1998, sem sett er með heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 57/1997. Ákvæði reglugerðarinnar kveða á um refsingar og önnur viðurlög, þ. e. sviptingu ökuréttar vegna brota á umferðarlögum. Ákvæði þessi þyngja refsingar og ökuréttarsviptingu vegna umferðarlagabrota frá því, sem áður var, og með því að reglugerðin er sett með stoð í lögum, er hún gild refsheimild, og ber að miða við hana.

Gögn málsins bera með sér, að lögregla hafi staðið að hraðamælingunni á venjubundinn hátt, prófað ratsjártækið fyrir og eftir mælingu, og hafa lögreglumenn staðfest aðgerðir sínar með skýrslum og dagbókarfærslum. Samkvæmt þessum gögnum var kærði að aka á vegarkafli, þar sem hámarkshraði er 50 km/klst., þegar hann var mældur. Verður farið að þessu við úrlausn málsins, en kærði hefur haldið því fram, að nokkru austar á götunni lækki leyfilegur hámarkshraði úr 60 km/klst. niður í 50 km/klst.

Með vísan til alls framangreinds eru ekki efni til að fella úr gildi bráðabirgðaökuréttarsviptingu kærða, og verður hún því staðfest, en rétt þykir, að ákvörðun um málsvarnarlaun bíði efnisúrlausnar málsins.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bráðabirgðasvipting ökuréttar Halldórs Baldvinssonar frá 7. júlí sl. er staðfest.

Ákvörðun um málsvarnarlaun bíður efnisúrlausnar málsins.